

Kennsluáætlun í íslensku skólaárið 2022-2023

4. - 7. bekkur

Kennari: Mekkín Guðmundsdóttir

Samkvæmt Aðalnámskrá skiptist íslenskunámið í eftirfarandi þætti: talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfraeði. Íslenska er samþætt við samfélags- og náttúrufræðigreinar og skarast þessir þættir í fjölmörgum verkefnum. Einnig eru mörg viðfangsefni íslenskunnar óhjákvæmilega og mikilvæg viðfangsefni í fleiri námsgreinum.

Íslenskukennsla í 4.-7. bekk Grunnskóla Öfundarfjarðar tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem settu eru fram í Aðalnámskrá við lok 7. bekkjar. Stuðst er að stórum hluta við fjölbreyttar kennsluáferðir þar sem samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar er grundvöllur árangurs. Kennslan er einstaklingsmiðuð með áherslu á hlutbundið nám og eru leikir og spil mikið nýtt sem kennsluáferð með það að markmiði að vekja áhuga nemendanna og gera íslenskuna að lifandi námsefni. Mismunandi leiðir eru farnar að markmiðum Aðalnámskrár sem taka mið af áhugasviði og þroska nemandans.

Námsmat: Sjálfsmat og kennaramat út frá markmiðum. Námsmatið tengist lykilhæfni Aðalnámsskrár og byggist m.a. á virkni, vinnubrögðum, færni, skilningi og einbeitingu nemenda. Símat, endurgjöf og eftirfylgni.

Unnið er markvisst með samskipti, samvinnu og virðingu í garð annarra í öllum námsgreinum.

Talað mál, hlustun og áhorf

- Getur tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar.
- Getur tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyrenda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- Getur tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- Getur hlustað af athygli og beytt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- Getur nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- Getur átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur fá tækifæri til samræðu, að lesa upphátt, segja frá, hlusta á lesið eða leikið efni, að leika, endursegja og segja frá eigin reynslu og upplifunum. Leikir sem hvetja til samræða.

Lestur og bókmenntir

- Les texta við hæfi með góðum hraða og af skilning, lagt mat á hann og túlkað
- Notar þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta
- Greinir og fjallar um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notar mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta
- Les sér til ánægju og fróðleiks og gerir öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- Les gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- Getur greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- Getur beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- Getur aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- Getur lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

Leiðir að markmiðum:

- Heimalestur, yndislestur, samlestur
- Lesskilningur þjálfaður
- Aðgangur að fjölbreyttu lesefni.
- Beitt hugtökum eins og perónu, sögupræði, umhverfi og boðskap
- Ljóðavinna
- Aflað sér upplýsinga úr bókum, blöðum og af netinu
- Kortalestur
- Leiðbeiningalestur
- Samræður um lesefni
- Ýmis leikir sem æfa lestur

Ritun

- Skrifar læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðferðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- Getur valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni
- Getur samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa
- Getur beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim
- Getur lesið texta og skoðað hann með það í hug að kanna hvernig höfudur skrifar og nýtt það við eigin ritun
- Getur skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda
- Getur skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu

Leiðir að markmiðum:

- Nemendur vinna fjölbreytt verkefni sem reyna á ritun. Bæði verkefni sem tengjast skrift og verkefni sem tengjast því að semja eigin texta.
- Nemendum gefin tækifæri til að deila eigin textum með öðrum.
- Vinna í Word
- Nemendur fá tækifæri til að vinna með ritun á skapandi hátt
- Snjalltæki notuð í skapandi skrifum
- Handritagerð.

Málfræði

- Getur gert sér nokkra grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það
- Getur notað allríkulegan orðaforða í ræðu og riti, gert sér grein fyrir margræðni orða og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- Getur nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- Getur áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- Getur notað orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta
- Getur beitt þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreina og efnisgreinar og gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins
- Getur beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið má, talað og ritað
- Getur nýtt orðaforða síinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta
- Gerir sér grein fyrir notagildi íslenskrar málfræði, m.a. við ritun og stafsetningu

Leiðir og viðfangsefni:

- Unnið er með tungumálið á fjölbreyttan hátt í markskonar aðstæðum.
- Fjölbreytt og skapandi ritunarverkefni
- Orðflokkaverkefni
- Sögulestur
- Orð vikunnar - orðaforðavinna
- Orðavinna-margræð orð
- Málfræðiverkefni, spil og leikir.
- Fjölbreytt orðavinna

- umræður, innlögn og hugstormun
- námsfélagar
- samvinnunám
- orð af orði